

Mál nr. 299/2017
M og
vátryggingafélagið V vegna ábyrgðartryggingar atvinnureksturs G.

Ágreiningur um bótaskyldu úr vegna vinnuslyss.

Gögn.

1. Málskot móttakið dags. 13. september 2017, ásamt fylgiskjölum
2. Bréf V dags. 27. september 2017.

Málsatvik.

Í málskoti kemur fram að málsatvik hafi verið þau að G hafi verið fengið til að flota gólf fyrir M. Við flotun gólfsins flæddi flot ofan í niðurfall, sem ekki var lokað fyrir, og komst þaðan í aðrar lagnir hússins sem olli talsverðum skemmdum og fjártjóni.

M telur að slysið verði rakið til saknæmrar háttsemi G ehf. M. telur að starfsmenn G hafi ekki gætt nægilega að öllum niðurföllum sem voru í því rými sem flotunin tók til. M. byggir málatilbúnað sinn m.a. á því að G séu sérfræðingar á sínu sviði og því þurfi þeir að gæta ríkrar aðgæsluskyldu. Með vísan til þess að gerðar eru ríkari kröfur til aðgæslu en almennt gerist, auk þess sem sérfræðingurinn á að vera betur í stakk búinn til að sjá fyrir mögulegar afleiðingar gjörða sinna, telur M að það verði að meta starfsmönnum G til gáleysis að hafa ekki aflað sér nægilegra upplýsinga um staðsetningu allra niðurfalla í rýminu áður en hafist var handa um flotun gólfsins. Það hafi staðið sérfræðingunum nær að afla upplýsinga um niðurföllin við framkvæmd verksins, svo sem teikningum af lögnum og niðurföllum, fremur en ófaglærðum verkkaupa að veita þær.

V hafnar bótaskyldu. V vísar til þess að samkvæmt íslenskum lögum beri menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum með saknæmum og ólögnum hætti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta ber ekki ábyrgð á því tjóni, beri hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Samkvæmt gögnum málsins var G sagt frá tveimur niðurföllum í því rými sem það átti að flota og lokuðu starfsmenn þess þeim niðurföllum áður en farið var að flota. Daginn eftir hafi niðurföll í húsinu stíflast. Við skoðun kom í ljós að flot hafði lekið undir vegg í því rými sem var verið að flota, en umrætt niðurfall var staðsett undir veggnum og sást ekki með berum augum. Fyrir liggir að enginn vissi starfsmanna G hafi vitað af þessu niðurfalli, sem búið var að setja vegg yfir.

Eftir að V hafði sent Úrskurðarnefnd í vátryggingarmálum athugasemdir sínar vegna málsskotsins barst nefndinni yfirlýsing frá sölustjóra málsskotsaðila um að hann hafi ekki upplýst verktaka um nein niðurföll í rýminu og kannist ekki við að nokkur hafi verið spurður um staðsetningu þeirra.

Álit.

Eins og mál þetta liggur fyrir í gögnum málsins voru starfsmenn G ekki upplýstir um tilvist umrædds niðurfalls sem var staðsett undir vegg í rýminu sem átti að flota. Gögn málsins bera með sér að niðurfallið hafi ekki sést með berum augum við skoðun á því rými sem átti að flota og ekkert hafi verið gefið til kynna um að önnur niðurföll en þau sem sást við eðlilega skoðun væru til staðar. Í ljósi þess að umrætt niðurfall sást ekki við eðlilega skoðun á rýminu, og engar upplýsingar voru gefnar um tilvist þess, er það mat nefndarinnar að það sé bæði rétt og eðlilegt að gera þá kröfu til verkkaupa við þessar aðstæður að hann upplýsi verktaka um tilvist tiltekins niðurfalls sem falið er undir vegg. Af þeim sökum telur nefndin að ekki sé hægt að fallast á það með M að umræddu tjóni hafi verið valdið með saknæmum hætti af hálfu starfsmanna G. Er því bótaskyldu V hafnað.

Niðurstaða.

M á ekki rétt á bótum úr ábyrgðartryggingu G hjá V.

Reykjavík 14.11.2017

Þóra Hallgrímsdóttir lögfr.

Valgeir Pálsson, hrl..

Lúðvík Bergvinsson, hdl.